

# Yfirlit yfir kostnað og tengd gjöld við fjárfestingar í fjármálagerningum

# Betri yfirsýn yfir kostnað og tengd gjöld þegar fjárfest er í fjármála- gerningum hjá Arion banka

**Yfirsýn yfir áætlaðan kostnað áður en fjárfest er**

Þegar fjárfest er í fjármálagerningum skiptir máli að vita hvaða kostnaður og tengd gjöld fylgja viðskiptunum og hver áhrifin verða á ávöxtun.

Með innleiðingu MiFID II tilskipunarinnar er lögð ríkari krafa á verðbréfafyrirtæki að veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum upplýsingar með góðum fyrirvara um allan kostnað og tengd gjöld.

Í þessu skjali er að finna upplýsingar um *áætlaðan* kostnað og tengd gjöld í tengslum við kaup og sölu á hluta– og skuldabréfum, ásamt viðskiptum með sjóði. Kostnaðurinn er byggður á dæmum um viðskipti, með fyrir fram skilgreindum forsendum um fjárfestingartíma og fjárhæðir í viðskiptum. Eins og gefur að skilja er ekki um tæmandi lista yfir möguleg viðskipti að ræða.

Í dæmunum eru tilgreindir þrír kostnaðarliðir. Í *fyrsta lagi* þjónustukostnaður. Hér er um að ræða allan kostnað og tengd gjöld sem Arion banki innheimtir í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga, s.s. viðskiptakostnað, afgreiðslugjald og vörsluþóknun.

Í *öðru lagi* vörukostnaður, þ.e. kostnaður og tengd gjöld í beinum tengslum við fjármálagerningana sjálfa. Í tilviki sjóða heyrir hér undir umsýsluþóknun sem er dregin af sjóðsinneign.

Í *þriðja lagi* greiðslur frá þriðja aðila (e. third-party payments). Hér er átt við greiðslur sem Arion banki fær frá þriðju aðilum, s.s. þóknanir og afslættir frá rekstraraðilum sjóða í tengslum við dreifingu þeirra. Þegar Arion banki annast eignastýringu fyrir hönd viðskiptavina ráðstafar bankinn greiðslum frá þriðja aðila til viðskiptavinar. Í öðrum tilvikum kann bankinn að halda eftir greiðslum frá þriðja aðila, enda sé greiðslan til þess fallin að efla gæði þjónustunnar og skapar ekki hættu á árekstrum við hagsmuni viðskiptavina.

**Áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun**

Kostnaður hefur ávallt neikvæð áhrif á ávöxtun. Fjárfesting þarf því að skila hærri ávöxtun en sem nemur kostnaði til að ávöxtun verði jákvæð. Kostnaður er vanalega hærri í upphafi og við lok fjárfestingar sökum kaup– og söluþóknunar, en lægri þess á milli.

**Kostnaður viðskiptavinar gæti verið annar**

Dæmin byggja á listaverði samkvæmt verðskrá. Hafa þarf í huga að kostnaðurinn í meðfylgjandi dæmum er áætlaður og sá kostnaður sem fjárfestar greiða getur verið annar en sá sem kemur fram í þessum dæmum.

Árlega mun bankinn senda viðskiptavinum sínum ítarlegt yfirlit yfir þann kostnað og tengd gjöld sem greidd voru á árinu.

Til að fá yfirlit yfir kostnaðarliði eru fjárfestar jafnframt hvattir til að kynna sér verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans sem nálgast má á arionbanki.is/verdskra.

Viðskiptavinur skal ekki túlka það sem fram kemur í dæmunum sem ráðleggingar um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármála-gerninga, né heldur sem spá um ávöxtun í framtíðinni.

Upplýsingar um *áætlaðan* kostnað og tengd gjöld taka ekki tillit til þess kostnaðar sem getur falist í almennum áhættuþáttum við fjárfestingar í fjármálagerningum. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér yfirlit yfir helstu eiginleika fjármálagerninga og áhættuþætti sem nálgast má á arionbanki.is/fjarfestavernd.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband með því að hringja í þjónustuver bankans í síma 444 7000, senda tölvupóst á netfangið arionbanki@arionbanki.is eða spjalla á netspjallinu á arionbanki.is.

# Hlutabréf

## Skráð innlend hlutabréf - viðskipti í netbankanum eða Arion appinu

### Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í *skráðum innlendum hlutabréfum* í gegnum netbankann eða Arion appið. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé fimm ár og bréfin seld í lok þess tíma. Gert er ráð fyrir að félagið borgi út arð einu sinni á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Skráð innlend hlutabréf | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 0,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Netbankinn / Arion appið | **Markaður:** | Ísland |
| **Fjárfestingartími:** | 5 ár | **Gjaldmiðill:** | Íslensk króna (ISK) |

### Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **500.000 kr.** | | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 28.100 kr. | 5,62% | 35.600 kr. | 3,56% | 95.600 kr. | 1,91% |
| Vörukostnaður | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 28.100 kr. | 5,62% | 35.600 kr. | 3,56% | 95.600 kr. | 1,91% |

### Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 500.000 kr. | 1.000.000 kr. | 5.000.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 471.900 kr. | 964.400 kr. | 4.904.400 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup– og söluþóknunar) | 8.100 kr. | 15.600 kr. | 75.600 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun | -5,62 % | -3,56% | -1,91% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 28.100 kr. | 35.600 kr. | 95.600 kr. |

[1] Um er að ræða kaup– og söluþóknun, afgreiðslugjald, og vörsluþóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð.
Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

# Skráð innlend hlutabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

## Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í *skráðum innlendum hlutabréfum* í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé fimm ár og bréfin seld í lok þess tíma. Gert er ráð fyrir að félagið borgi út arð einu sinni á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Skráð innlend hlutabréf | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 0,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Verðbréfamiðlun | **Markaður:** | Ísland |
| **Fjárfestingartími:** | 5 ár | **Gjaldmiðill:** | Íslensk króna (ISK) |

## Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **500.000 kr.** | | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 31.400 kr. | 6,28% | 41.400 kr. | 4,14% | 121.400 kr. | 2,43% |
| Vörukostnaður | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 31.400 kr. | 6,28% | 41.400 kr. | 4,14% | 121.400 kr. | 2,43% |

## Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 500.000 kr. | 1.000.000 kr. | 5.000.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 468.600 kr. | 958.600 kr. | 4.878.600 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup– og söluþóknunar) | 11.400 kr. | 21.400 kr. | 101.400kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun | -6,28% | -4,14% | -2,43% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 31.400 kr. | 41.400 kr. | 121.400 kr. |

[1] Um er að ræða kaup– og söluþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð.
Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

# Skráð erlend hlutabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

## Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í *skráðum erlendum hlutabréfum* í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé fimm ár og bréfin seld í lok þess tíma. Gert er ráð fyrir að félagið borgi út arð ársfjórðungslega. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Skráð erlend hlutabréf | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 0,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Verðbréfamiðlun | **Markaður:** | Bandaríkin |
| **Fjárfestingartími:** | 5 ár | **Gjaldmiðill:** | Bandaríkjadalur (USD) |

## Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **500.000 kr.** | | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 43.444 kr. | 8,69% | 43.444 kr. | 4,34% | 123.444 kr. | 2,47% |
| Vörukostnaður | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 43.444 kr. | 8,69% | 43.444 kr. | 4,34% | 123.444 kr. | 2,47% |

## Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 500.000 kr. | 1.000.000 kr. | 5.000.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 456.556 kr. | 956.556 kr. | 4.876.556 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup– og söluþóknunar) | 23.444 kr. | 23.444 kr. | 103.444 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun | -8,69% | -4,34% | -2,47% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 43.444 kr. | 43.444 kr. | 123.444 kr. |

[1] Um er að ræða kaup– og söluþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Miðað er við opinbera gengisskráningu bandaríkjadals gagnvart krónu 2. mars 2026, 123,01 kr. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

# Skuldabréf

## Skráðir ríkisvíxlar - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

### Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í *skráðum ríkisvíxlum*, með lánstíma undir einu ári, í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé sex mánuðir og víxlarnir greiddir upp í lok þess tíma. Ríkisvíxlar bera ekki vexti og eru greiddir á nafnverði á gjalddaga. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Skráðir ríkisvíxlar | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 0,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Verðbréfamiðlun | **Markaður:** | Ísland |
| **Fjárfestingartími:** | 1 ár | **Gjaldmiðill:** | Íslensk króna (ISK) |

### Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **500.000 kr.** | | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 9.400 kr. | 1,88% | 9.400 kr. | 0,94% | 20.400 kr. | 0,41% |
| Vörukostnaður | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 9.400 kr. | 1,88% | 9.400 kr. | 0,94% | 20.400 kr. | 0,41% |

### Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 500.000 kr. | 1.000.000 kr. | 5.000.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 490.600 kr. | 990.600 kr. | 4.979.600 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup– og söluþóknunar) | 5.400 kr. | 5.400 kr. | 16.400 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun | -1,88% | -0,94% | -0,41% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 9.400 kr. | 9.400 kr. | 20.400 kr. |

[1] Um er að ræða kaup– og söluþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð.
Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

# Skráð ríkisskuldabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

## Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í *skráðum ríkisskuldabréfum*, með lánstíma yfir einu ári, í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé þrjú ár og bréfin seld í lok þess tíma. Skuldabréfin í þessu dæmi eru með vaxtagreiðslufyrirkomulagi og greiðast vextir einu sinni á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Skráð ríkisskuldabréf | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 0,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Verðbréfamiðlun | **Markaður:** | Ísland |
| **Fjárfestingartími:** | 3 ár | **Gjaldmiðill:** | Íslensk króna (ISK) |

## Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **500.000 kr.** | | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 21.400 kr. | 4,28% | 21.400 kr. | 2,14% | 53.400 kr. | 1,07% |
| Vörukostnaður | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 21.400 kr. | 4,28% | 21.400 kr. | 2,14% | 53.400 kr. | 1,07% |

## Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 500.000 kr. | 1.000.000 kr. | 5.000.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 478.600 kr. | 978.600 kr. | 4.946.600 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup– og söluþóknunar) | 7.300 kr. | 7.300 kr. | 39.300 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun | -4,28% | -2,14% | -1,07% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 21.400 kr. | 21.400 kr. | 53.400 kr. |

[1] Um er að ræða kaup– og söluþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð.
Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

# Skráð erlend skuldabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

## Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í *skráðum erlendum skuldabréfum*, með lánstíma yfir einu ári, í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé þrjú ár og bréfin seld í lok þess tíma. Skuldabréfin í þessu dæmi eru ríkisskuldabréf með vaxtagreiðslufyrirkomulagi og greiðast vextir tvisvar sinnum á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Skráð erlend ríkisskuldabréf | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 0,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Verðbréfamiðlun | **Markaður:** | Bandaríkin |
| **Fjárfestingartími:** | 3 ár | **Gjaldmiðill:** | Bandaríkjadalur (USD) |

## Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **500.000 kr.** | | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 45.444 kr. | 9,09% | 55.777 kr. | 5,58% | 75.777 kr. | 1,52% |
| Vörukostnaður | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 45.444 kr. | 9,09% | 55.777 kr. | 5,58% | 75.777 kr. | 1,52% |

## Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 500.000 kr. | 1.000.000 kr. | 5.000.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 454.556 kr. | 944.223 kr. | 4.924.223 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup– og söluþóknunar) | 23.111 kr. | 33.444 kr. | 53.444 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun | -9,09% | -5,58% | -1,52% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 45.444 kr. | 55.777 kr. | 75.777 kr. |

[1] Um er að ræða kaup– og söluþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Miðað er við opinbera gengisskráningu bandaríkjadals gagnvart krónu 2.mars 2026, 123,01 kr. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

# Sjóðir

## Innlend skuldabréf og innlán - viðskipti í netbankanum eða Arion appinu

### Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir þér upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta *Stefni - Lausafjársjóð hs.* í gegnum netbankann eða Arion appið. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé eitt ár og öll eign í sjóðnum innleyst í lok þess tíma. Gert ráð fyrir 5% ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Stefnir - Lausafjársjóður hs. | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 5,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Netbankinn / Arion appið | **Markaður:** | Ísland |
| **Fjárfestingartími:** | 1 ár | **Gjaldmiðill:** | Íslensk króna (ISK) |

### Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | | **10.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Vörukostnaður [2] | 4.305 kr. | 0,43% | 21.525 kr. | 0,43% | 43.050 kr. | 0,43% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 4.305 kr. | 0,43% | 21.525 kr. | 0,43% | 43.050 kr. | 0,43% |

### Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 1.050.000 kr. | 5.250.000 kr. | 10.500.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 1.045.695 kr. | 5.228.475 kr. | 10.456.950 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna gengismunar) | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar | 4,57% | 4,57% | 4,57% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 4.305 kr. | 21.525 kr. | 43.050 kr. |

[1] Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

[2] Um er að ræða viðvarandi gjöld og umsýsluþóknun.

# Blandaðir sjóðir - viðskipti í netbankanum eða Arion appinu

## Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir þér upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta *Stefni - Samvali hs.* í gegnum netbankann eða Arion appið. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé þrjú ár og öll eign í sjóðnum innleyst í lok þess tíma. Gert ráð fyrir 7% árlegri ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Stefnir - Samval hs. | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 7,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Netbankinn / Arion appið | **Markaður:** | Ísland |
| **Fjárfestingartími:** | 3 ár | **Gjaldmiðill:** | Íslensk króna (ISK) |

## Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | | **10.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Vörukostnaður [2] | 95.794 kr. | 9,58% | 478.971 kr. | 9,58% | 957.942 kr. | 9,58% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 95.794 kr. | 9,58% | 478.971 kr. | 9,58% | 957.942 kr. | 9,58% |

## Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 1.225.043 kr. | 6.125.215 kr. | 12.250.430 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 1.122.565 kr. | 5.612.825 kr. | 11.225.650 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna gengismunar) | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar | 12,26% | 12,26% | 12,26% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 102.478 kr. | 512.390 kr. | 1.024.780 kr. |

[1] Um er að ræða kaup– og söluþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð.
Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

[2] Um er að ræða viðvarandi gjöld og umsýsluþóknun.

# Ríkisskuldabréf - viðskipti í netbankanum eða Arion appinu

## Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir þér upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í verðbréfasjóðnum *Stefni - Ríkisskulda-bréfasjóð millilöngum hs.* í gegnum netbankann eða Arion appið. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé tvö ár og öll eign í sjóðnum innleyst í lok þess tíma. Gert ráð fyrir 5% árlegri ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður milllangur | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 5,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Netbankinn / Arion appið | **Markaður:** | Ísland |
| **Fjárfestingartími:** | 2 ár | **Gjaldmiðill:** | Íslensk króna (ISK) |

## Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | | **10.000.000 kr.** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Vörukostnaður [2] | 25.884 kr. | 2,59% | 129.419 kr. | 2,59% | 258.838 kr. | 2,59% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 25.884 kr. | 2,59% | 129.419 kr. | 2,59% | 258.838 kr. | 2,59% |

## Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 1.102.500 kr. | 5.512.500 kr. | 11.025.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 1.075.981 kr. | 5.379.905 kr. | 10.759.809 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna gengismunar) | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar | 7,60% | 7,60% | 7,60% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 26.519 kr. | 132.595 kr. | 265.191 kr. |

[1] Um er að ræða viðvarandi gjöld og viðskiptakostnað. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

[2] Um er að ræða viðvarandi gjöld og umsýsluþóknun.

# Erlendur sjóður - viðskipti í netbankanum eða Arion appinu

## Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í erlenda sjóðnum Fidelity - S&P 500 Index Fund P USD ACC í gegnum netbankann eða Arion appið. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé fimm ár og öll eignin í sjóðnum innleyst í lok þess tíma. Gert ráð fyrir 10% ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjármálagerningur:** | Fidelity - S&P 500 Index Fund P USD ACC | **Ávöxtun á tímabilinu:** | 10,00% |
| **Viðskiptavettvangur:** | Netbankinn / Arion appið | **Markaður:** | Bandaríkin |
| **Fjárfestingartími:** | 5 ár | **Gjaldmiðill:** | Bandaríkjadalur (USD) |

## Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

| **Dæmi um fjárfestingu:** | | **1.000.000 kr.** | | **5.000.000 kr.** | | **10.000.000 kr.** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu | Fjárhæð | Hlutfall af fjárfestingu |
| Þjónustukostnaður [1] | 20.000 kr. | 2,00% | 100.000 kr. | 2,00% | 200.000 kr. | 2,00% |
| Vörukostnaður [2] | 660 kr. | 0,07% | 3.300 kr. | 0,07% | 6.600 kr. | 0,07% |
| Greiðslur frá þriðja aðila | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% | 0 kr. | 0,00% |
| Kostnaður og gjöld samtals: | 20.660 kr. | 2,07% | 103.300 kr. | 2,07% | 206.600 kr. | 2,07% |

## Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar | 1.100.000 kr. | 5.500.000 kr. | 11.000.000 kr. |
| Virði fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar og gjalda | 1.099.340 kr. | 5.496.700 kr. | 10.993.400 kr. |
| Viðbúnir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna gengismunar) | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar | 9,93% | 9,93% | 9,93% |
| Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um | 660 kr. | 3.300 kr. | 6.600 kr. |

[1] Um er að ræða viðvarandi gjöld og viðskiptakostnað. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Þó er engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, greidd af sjóðum Stefnis hf. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa– og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

[2] Um er að ræða viðvarandi gjöld og umsýsluþóknun.

# Skýringar á kostnaði

### Vörsluþóknun

Vörsluþóknun er greidd fyrir vörslu verðbréfa hjá Arion banka og er reiknuð á stöðu safna á hverjum degi. Vörsluþóknun er keyrð og gjaldfærð á eignastýringarsöfn um hver mánaðamót og lágmarksþóknun tekin inn í útreikninga. Vörsluþóknun á vörslusöfn er innheimt tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október.

Lágmarksþóknun reiknast á öll opin söfn og því til viðbótar reiknast hlutfall af heildarvirði gjaldskyldra verðbréfa í vörslu og eignastýringu, sem er umfram lágmarksþóknun. Vörsluþóknun vegna skuldabréfa sem gefin eru út erlendis reiknast af nafnverði.

Engin vörsluþóknun, þ.m.t. lágmarksþóknun, er greidd af sjóðum Stefnis hf.

### Gengismunur

Söluþóknun er innheimt við kaup á hlutdeildarskírteinum sjóða og er hún innifalin í sölugengi. Söluþóknun endurspeglast í mun á kaup– og sölugengi á hverjum tíma og er gjarnan talað um gengismun eða upphafsþóknun í því samhengi.

### Viðvarandi gjöld

Viðvarandi gjöld eru kostnaðurinn við daglegan rekstur sjóða og eru þau byggð á útgjöldum frá árinu áður. Upplýsingarnar taka mið af mati á líklegum sviðsmyndum í rekstri sjóða til framtíðar. Þær kunna að sæta fyrirvaralausu endurmati. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Viðskiptakostnaður vegna eignasafns, nema þar sem sjóður greiðir gjald vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum sjóði, er undanskilinn. Viðvarandi gjöld eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli og koma því fram sem lægri ávöxtun.

### Miðlunarþóknun

Miðlunarþóknun er greidd vegna miðlunar verðbréfa, t.d. vegna kaup og sölu á hlutabréfum og skuldabréfum.

### Afgreiðslugjald

Afgreiðslugjald er innheimt af viðskiptum með fjármálagerninga ásamt svokölluðum fyrirtækjaaðgerðum, sem eru m.a. arðgreiðslur, útdráttur húsbréfa, innheimta, jöfnun, samruni og fleira.

### Fjármagnstekjuskattur

Ekki eiginlegur kostnaður heldur skattur sem leggst á eignatekjur, þ.e. vexti, arð, söluhagnað og leigutekjur. Af vaxtatekjum og arði er dregin staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts, en skattur af söluhagnaði hlutabréfa og leigutekjum er greiddur eftir á.

Þeir sem annast fjárvörslu, innheimtu eða taka við innlánum, eiga að halda eftir af vaxtatekjum, þeim hluta sem samsvarar gildandi fjármagnstekjuskattsprósentu hverju sinni, til staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og skila í ríkissjóð.

### Umsýsluþóknun

Umsýsluþóknun fer í að greiða rekstrarkostnað sjóða. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi og ávöxtun sjóða og er umsýsluþóknunin því dregin frá sem leiðir til lægri ávöxtunar.

### Árangurstengd þóknun

Árangurstengda þóknun er einkum að finna í fagfjárfestasjóðum. Beri sjóðurinn árangurstengda þóknun er venjan sú að nái sjóðurinn fyrir fram skilgreindri ávöxtun á ákveðnu tímabili reiknast þóknun sem dregin er af sjóðnum og kemur því fram sem lægri ávöxtun.

**Arion banki**

Borgartún 19
105 Reykjavík
kt: 581008-0150
**arionbanki@arionbanki.is**
**arionbanki.is**

ÚTGÁFA: 052026